



EFNI:

Samtengd sjúkraskrá—aukið öryggi í greiningu og meðferð sjúklunga

bls. 1

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

SAMTENGÐ SJÚKRASKRÁ—AUKIÐ ÖRYGGI Í GREININGU OG MEÐFERÐ SJÚKLINGA

Sjúklingur á rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á að veita á hverjum tíma, samkvæmt [lögum um réttindi sjúklunga](#). Auk þess á sjúklingur rétt á samfeldri heilbrigðisþjónustu þar sem samstarf ríkir jafnt innan stofnunar sem utan.

Í júní síðastliðnum tók gildi ný [reglugerð um sjúkraskrár](#). Hin nýja reglugerð markar tímamót hvað varðar samtengingu rafræna sjúkraskráa, en með gildistöku hennar er hægt að opna fyrir aðgang heilbrigðisstarfsmanna að sjúkraskráupplýsingum um þeirra eigin sjúklunga á landsvísu. Tilgangur samtengdra sjúkraskráa er að unnt sé að veita sjúklingum eins fullkomna heilbrigðisþjónustu og kostur er á hverjum tíma.

Samtengd sjúkraskrá stuðlar að aukinni samfellu í heilbrigðisþjónustu því að með samtengingunni fylgja heilsufarsupplýsingar einstaklingnum sjálfum en eru ekki bundnar við þann stað þar sem hann hefur sótt sér heilbrigðisþjónustu. Þær upplýsingar sem nú eru aðgengilegar á milli stofnana eru upplýsingar um greiningar og meðferð, rannsóknaniðurstöður, ofnæmi, legur á sjúkrahúsum, heimsóknir á heilsugæslustöð og lyfjaupplýsingar. Upplýsingar um lyfjasögu í lyfjagagnagrunni Embættis landlæknis eru nú aðgengilegar beint úr sjúkraskrárkerfinu sjálfu, en áður þurfti lækni að opna sérstaka vefsíðu á vef embættisins til að fá yfirlit yfir lyfjaupplýsingar sjúklings.

Þeir heilbrigðisstarfsmenn sem koma að meðferð sjúklings hafa þannig beinan og öruggan aðgang að mikilvægum upplýsingum hvar og hvenær sem þörf krefur og fá betri yfirsýn yfir heilsufars sögu sjúklunga sinna. Samtengd sjúkraskrá stuðlar þannig að auknu öryggi í meðferð sjúklings þar sem rétt greining ætti að fást fyrir og viðeigandi

meðferð getur þá hafist fyrir en ella. Einnig má búast við almennri hagræðingu innan heilbrigðiskerfisins þar sem draga ætti úr tvíverknaði, t.d. í formi rannsókna.

Stefnan er að allir rekstraraðilar í heilbrigðisþjónustu verði hluti af samtengingunni fyrir en síðar. Eftirfarandi heilbrigðisstofnanir eru nú þegar aðilar að samtengdri rafrænni sjúkraskrá:

- **Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins**
- **Heilbrigðisstofnun Austurlands**
- **Heilbrigðisstofnun Norðurlands**
- **Heilbrigðisstofnun Suðurlands**
- **Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**
- **Heilbrigðisstofnun Vesturlands**
- **Sjúkrahúsið á Akureyri**
- Ofangreindar heilbrigðisstofnanir hafa um nokkurt skeið verið með samtengingu við **Landspítalann** og þar með haft aðgang að sjúkraskráupplýsingum sem vistaðar eru á spítalanum. Á næstu dögum verður svo einnig opnað fyrir samtengingar heilbrigðisstarfsmanna Landspítalans á sjúkraskráupplýsingar þeirra heilbrigðisstofnana sem að ofan eru taldar.
- **Læknavaktin**

Samkvæmt [lögum um sjúkraskrár](#) getur sjúklingur bannað miðlun eigin sjúkraskráupplýsinga með samtengingu rafræna



Samtengd sjúkraskrá stuðlar að aukinni samfellu í heilbrigðisþjónustu því að með samtengingunni fylgja heilsufarsupplýsingar einstaklingnum sjálfum en eru ekki bundnar við þann stað þar sem hann hefur sótt sér heilbrigðisþjónustu.

Embætti landlæknis mun halda áfram að þróa frekari samtengingar. Nú þegar er lokið við að samtengja langflestar opinberar heilbrigðisstofnanir og er byrjað að skoða samtengingar við hjúkrunarheimili og sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

sjúkraskrárkerfa. Sjúklingur þarf þá að hafa samband við sinn lækni og undirrita yfirlýsingu þess efnis á þar til gert eyðublað. Eyðublaðið er sent undirritað til Embættis landlæknis sem sér þá um að lokað sé fyrir samtengingu hjá viðkomandi einstaklingi. Bannið nær þó ekki til upplýsinga sem vistaðar eru í lyfjagagnagrunni landlæknis.

Samtenging sjúkraskráa útheimtir að vernd sjúkraskrárupplýsinga sé tryggð. Notkun samtengds rafræns sjúkraskrárkerfis er því háð þeim skilyrðum að viðkomandi heilbrigðisstofnun/starfsstofa heilbrigðisstarfsmanns hafi komið sér upp virku öryggiskerfi sem að lágmarki uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í fyrirmælum landlæknis um öryggi og gæði sjúkraskráa.

Fyrirmæli landlæknis um öryggi og gæði sjúkraskráa

Fyrirmæli landlæknis um öryggi og gæði sjúkraskráa eru gefin út samhliða nýju reglugerðinni um sjúkraskrár og í samráði við Persónuvernd. Fyrirmælin tóku gildi í júlí síðastliðnum. Tilgangurinn með útgáfu fyrirmælanna er að stuðla að auknu öryggi varðandi skráningu, vörslu, aðgang og vinnslu sjúkraskrárupplýsinga. Jafnframt hefur embættið útbúið leiðbeiningar varðandi innleiðingu á öryggiskerfi sjúkraskrárupplýsinga fyrir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu, en nýja reglugerðin gerir þær kröfur að öryggiskerfi sem tryggir vernd sjúkraskrárupplýsinga sé rekið á öllum heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsfólks.

Öryggiskerfi nær yfir öryggisstefnu stofnunar, áhættumat, neyðaráætlun vegna upplýsingatæknimála og verklagsreglur er lúta að rekstri og notkun upplýsingakerfa sem innihalda heilbrigðisupplýsingar og/eða persónugreinanlegar upplýsingar um sjúklinga eða aðila þeim tengdum.

Í fyrirmælunum eru einnig tilgreindar aðgangsreglur að sjúkraskrárupplýsingum, en aðgangur stýrist meðal annars af starfsgrein og stöðu viðkomandi starfsmanns innan stofnunar. Kveðið er á um reglubundið innra eftirlit með skráningu, aðgangi og uppflettingum í sjúkraskrárum og að stofnun/starfsstofa



heilbrigðisstarfsmanns setji verklagsreglur þar að lútandi.

Reglugerð um sjúkraskrár nr. 550/2015

Nýja reglugerðin um sjúkraskrár hefur það markmið að stuðla að öruggri skráningu, miðlun og varðveislu sjúkraskrárupplýsinga, auk þess að kveða nánar á um réttindi sjúklinga við færslu sjúkraskráa. Jafnframt kveður reglugerðin á um yfirumsjón Embættis landlæknis með samhæfingu, þróun og innleiðingu rafrænnar sjúkraskrár og rafrænna samskipta er varða heilbrigðisupplýsingar á landsvísu. Þá inniheldur reglugerðin kafla um ákveðnar kröfur til sjúkraskrárkerfa. Þróunar- aðilar þeirra sjúkraskrárkerfa sem þegar eru í notkun og ekki uppfylla lágmarksskiilyrði samkvæmt reglugerðinni fá tveggja ára frest til að aðlaga sjúkraskrárkerfi sín að settum lágmarkskröfum.

Embætti landlæknis mun halda áfram að þróa frekari samtengingar þar sem ýmiss konar mælingar, rannsóknir og meðferðareining hjúkrunar verða m.a. aðgengilegar á milli samtengdra stofnana. Nú þegar er lokið við að samtengja langflestar opinberar heilbrigðisstofnanir og er byrjað að skoða samtengingar við hjúkrunarheimili og sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Eins og staðan er í dag eru það eingöngu aðilar sem nota sjúkraskrárkerfið Sögu sem eru aðilar að samtengingunni. Hins vegar er stefnt að því í náinni framtíð að þeir heilbrigðisstarfsmenn sem nota önnur sjúkraskrárkerfi og uppfylla að lágmarki fyrirmæli landlæknis um öryggi og gæði sjúkraskráa geti einnig orðið aðilar að samtengingunni.

G. Auður Harðardóttir